

Minnisblað

Bygging leikskóla í Langanesbyggð

Elías Pétursson sveitarstjóri Langanesbyggðar óskaði eftir því við undirritaðan að hann rýndi gögn sem snúa að staðsetningu leikskólabyggingar sem til stendur að reisa á næstunni í Langanesbyggð.

Af þeim gögnum sem undirritaður hefur undir höndum má sjá að það er ekki samstaða um staðsetningu og/eða leiðir. Eldri áform hafa gengið út á það að byggja við núverandi grunnskólahúsnæði og skapa þannig aukna möguleika á samstarfi og samfellu leik- og grunnskóla. Þá hlýtur það að hafa verið undirliggjandi markmið að sameina skólana í eina stofnun, undir eina stjórn. Svo er ekki nú því stofnanirnar eru tvær með sinn stjórnandann hvor.

Af gögnum má sjá að það er búið að velta upp ótal leiðum, kostum og göllum við hvora leiðina sem farin verður. Það er því búið að leggja fram töluvert af gögnum og vangaveltum sem ættu að hjálpa til við ákvarðanatöku. Það er hins vegar alveg ljóst af því sem ég hef kynnt mér að tilfinningar ráð að einhverju leyti einnig för. Það sem ég legg hér fram eru pælingar sem geta hugsanlega stutt við það sem hefur komið fram nú þegar.

Ef til stendur að sameina leikskólann og grunnskólann undir eina stjórn verður að hafa það í huga að það er aldrei einfalt að sameina stofnanir eða breyta starfsháttum. Það er langhlaup sem vinnst ekki nema með skilvirkum starfsháttum, skýrum markmiðum, viðmiðunum og mati á árangri. Taka verður lítil skref í einu, meta árangur reglulega og leiðréttá kúrsinn eftir því sem þörf krefur. Af því að þessi vinna er langhlaup er þrautseigja - seigla mjög mikilvæg. Þetta hefur verið sannreynt í mjög mörgum dæmum þar sem þetta hefur verið gert. Ástæðurnar eru margar en þær helstar að það er menningar- og viðhorfamunur á þessu stofnunum og kjarasamningar ólíkir sem hefur víða reynst snúið að leysa sérstaklega ef horft hefur verið til aukinnar samfellu í starfi og samnýtingar starfsfólks. Þetta hefur meira að segja reynst snúið í stofnun eins og Krikaskóla í Mosfellsbæ þar sem þó hefur verið gerður sértækur kjarasamningur við grunnskólakennarana.

Það eitt að sameina leik- og grunnskóla sem stofnanir og flytja þá í sameiginlegt rými er því ekki ávísun á að þá verði til ein heildstæð stofnun. Slíkar aðstæður auka þó á möguleikann að svo getir orðið, en það útilokar samt ekki annað.

Það eru mörg dæmi um að leikskólar og grunnskóla hafi verið sameinaðir undir eina stjórn og þar með í eina stofnun þó í sitthvoru húsnæðinu væru. Jafnvel hefur í einhverjum tilvikum verið um nokkra fjarlægð á milli húsa að ræða. Hér má nefna Auðarskóla í Dalabyggð og Seyðisfjarðarskóla. Þá eru einnig til þó nokkur dæmi um að grunnskólar hafi verið sameinaðir undir eina stjórn þó töluvert vegalengd hafi verið milli starfsstöðva. Þar má nefna Grunnskóla

Borgarfjarðar og Grunnskóla Snæfellsbæjar sem dæmi. Þar hefur gengið mjög vel að samhæfa starfsemina og er ekki annað að heyra en að starfsmenn upplifi sig sem hluta af einni og sömu stofnuninni.

Þar sem undirritaður hefur lengi verið talsmaður þess að sameina leik- og grunnskóla, þar sem það er skynsamlegt og mögulegt, væri fyrsti kostur sá að mæla með því að stofnanirnar væru undir einu þaki. Það er hins vegar alltaf einhverjum takmörkunum háð, eins og kostnaði og rými þar sem skynsamlegast er talið að byggja sameiginlegt húsnæði. Það þarf sem sagt að vera vel viðráðanlegt. Ef byggingarnar eru í sitt hvoru húsnæðinu er æskilegt að ekki sé of langt á milli þeirra þannig að auðvelt og öruggt sé að fara á milli þeirra með nemendur og starfsmenn. Ég get ekki betur séð en að svo sé í því tilviki sem hér um ræðir ef ákveðið verður að byggja leikskólann upp á núverandi stað hans.

Það er að mati undirritaðs alls ekki forsenda þess að vel takist til um sameiningu eða samstarf leik- og grunnskóla að þeir séu undir sama þaki. Þar ræður mestu um hver raunverulegur vilji stjórnanda/stjórnenda og starfsmanna er eða verður. Þetta er marg sannað og má þar nefna samstarf skólastiga innan sama grunnskólans sem er undir einu þaki, sem er ekki alltaf upp á marga fiska og stundum nánast ekkert nema að nafninu til.

Þá hefur undirritaður oft gagnrýnt hve mikilum fjármunum er veitt til byggingar dýrra skólamanuvirkja sem standast svo ekki alltaf tímans tönn og er erfitt að breyta, t.d. innra skilulagi með tilliti til nýrra áherslna í skipulagi skólustarfsins. Það að byggja dýrt eykur kostnaðinn við málaflokkinn og þann fjárhagslega mismun sem ella skapaðist mætti nýta til að styrkja innra starfið s.s. tæknivæðingu og leiðsögn til stjórnenda og starfsmanna til breyttra starfshátta sem eiga að skila enn betri árangri skólustarfsins. Það hlýtur að vera endanlegt markmið skólustarfsins alls, að frá því komi nemendur sem eru tilbúnir til að takast á við áskoranir framtíðarinnar sem fæstir vita hvernig verður að hluta eða öllu leyti.

Við stöndum nú um stundir á tímamótum í íslensku skólustarfi þar sem leggja verður aukna áherslu á að tæknivæða starfsfólk skólanna og nemendur. Það mun kosta verulega aukin útgjöld á næstu árum í tækjabúnaði og þjálfun starfsfólks. Það fjármagn þarf að einnig tryggja og gæti best verið gert með því að velja skynsmlega leið til byggingar húsnæði leikskólans. Slík tæknivæðing ætti einnig að auka á möguleika til samlegðar og samstarfs óháð staðsetningu einstakra starfsmanna.

Akureyri 15. nóvember 2017

Gunnar Gíslason

StarfsGæði ehf.